



Samtakahópurinn, fundur haldinn 16.03.2023 kl. 13.00 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Sigrún Helga Björgvinsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Lilja Dögg Friðriksdóttir

Fundargerð

Velkomin

- Allir fengu tækifæri til þess að kynna sig

SOS fræðslan Fjörheima félagsmiðstöðvar

- Búið að gefa út stiklu sem var sýnd í Samtakahópnum:
https://www.youtube.com/results?search_query=samf%C3%A9lagsmi%C3%B0lafr%C3%A6%C3%B0sla+fj%C3%B6rheima

Forvarnardagur ungra ökumanna

- Hafþór Barði Birgisson, íprótta- og tómstundafulltrúi sagði frá Forvarnardegi ungra ökumanna sem haldinn var í Fjörheimum/88 húsinu þann 7.mars. Forvarnardagurinn er haldinn í samstarfi við Reykjanesbæ, Lögregluna á Suðurnesjum, Brunavarnir Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Tryggingarmiðstöðina. Þátttakendur forvarnardagsins voru rúmlega 130 nemendur sem fengu fræðslu um afleiðingar umferðalagabrota, ölvunarakstur, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, sektir, tjónaskyldu og brot gegn þriðja aðila. Einnig fengu nemendur að heyra reynslusögu ungrar stúlku sem lenti í alvarlegu umferðaslysi árið 2010. Markmið forvarnardagsins er að vekja unga ökumenn til umhugsunar um ábyrgðina sem fylgir því að vera ökumaður, fækka slysum og auka öryggi í umferðinni. Forvarnardagur ungra ökumanna var fyrst haldinn hárið 2004 í kjölfar banaslysa ungra ökumanna og hefur verið haldinn árlega síðan. Verkefnið hefur vakið athygli í fleiri landshlutum á Íslandi.
- Myndband sýnt frá Forvarnardegi ungra ökumanna 2021:
https://www.youtube.com/watch?v=t_HdSXzOzxl&t=5s



Vinnuskóli Reykjanesbæjar.

- Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins sagði frá breyttum áherslum í Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Vinnuskólinn var færður yfir til íþrótt- og tómstundamála á menntasviði fyrir skemmstu og verður eftirleiðis starfræktur sem eitt af fjölmörgum verkefnum Fjörheima og 88 Hússins.

Evrópuvika gegn rasisma

- Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins sagði frá Evrópuviku gegn rasisma. Hinn **21. mars** hefur verið útnefndur sem alþjóðadagur **gegn kynþáttamisrétti**.
- Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti hverfist um alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti og miðar að því að uppræta þröngsýni, fordóma og þjóðernishyggju í Evrópu. Markmiðið er að byggja Evrópusamfélag víðsýni og samkenndar þar sem allir eru jafnir, óháð útliti og uppruna.
- Mannréttindaskrifstofan hefur haldið utan um vikuna hér á landi og hefur í ár falið Chanel Björk hjá Mannflórunni það hlutverk að skipuleggja viðburði og uppákomur í vikunni.
- Eitt af markmiðunum hefur verið að fræða ungt fólk um fjölbreytileika samfélagsins ásamt því að vekja þau til umhugsunar um þá fordóma sem er að finna þar.

Markmið og áherslur Samtakahópsins

- Markmið SAMTAKA-hópsins er að fyrirbyggja og taka á þeim vandamálum sem upp koma hverju sinni til að bæta umhverfi barna og ungmenna í Reykjanesbæ. Hlutverk hópsins er jafnframt að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í forvarnarmálum, koma hugmyndum á framfæri við stofnanir og félagasamtök og vera ráðgefandi um stofnun ýmissa meðferðarúrræða.
- Rætt var um markmið SAMTAKA-hópsins árið 2023.
-ákveðið að halda fljótlega vinnufund þar sem markmið Samtakahópsins verða ígrunduð.

Önnur mál

Fundi slitið kl. 14:30